



Múlaþing

## Framkvæmdaleyfi

fyrir efnistöku í landi Litlabakka við austanverða Jökulsá á Dal.

Leyfishafi: Svandís Skúladóttir kt. 2912382039

Með vísan til 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, umsóknar um framkvæmdarleyfi nr. 202312253 dags. 18. desember 2023 og afgreiðslu 108. fundar umhverfis- og framkvæmdaráðs þann 19. febrúar 2024 er hér með gefið út svohljóðandi framkvæmdarleyfi:

### Lýsing

Sótt er um leyfi til áframhaldandi efnistöku á bökkum Jökulsár á Dal í landi Litlabakka í Hróarstungu. Efni hefur verið tekið um áratugaskeið á þessum efnistökustað en til að tryggja aðgang að góðu jarðefni til næstu 25 ára þarf að stækka efnistökusvæðið. Framkvæmdin hefur undangengist mat á umhverfisáhrifum og lá niðurstaða Skipulagsstofnunar fyrir 2. júní 2023. Efnistökusvæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem E54.

Fyrilliggjandi umsókn gerir ráð fyrir að unnið verði allt að 90.000 m<sup>3</sup> af efni á um 18,5 ha. svæði sem skipt er upp í reiti 1, 2 13, 14 og 15 með um 2m vinnsludýpt. Svæðið samræmist valkosti B úr umhverfismati. Vinnsluáætlun miðar við að ekki sé unnið á fleiri en fjórum reitum samtímis og ætti hver reitur að endast að jafnaði í 2-4 ár. Gengið verður frá hverjum reit við lok efnistöku í samræmi við umfjöllun í umhverfismati. Áætlaður framkvæmdatími er til 10 ára.

Eftirfarandi gögn liggja til grundvallar við útgáfu leyfisins:

- *Umsókn um framkvæmdaleyfi*, dags. 18. desember 2023.
- *Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi*, dags. 18. desember 2023.
- *Umhverfismatsskýrsla*, dags. 2. janúar 2023
- *Svör við umsögnum við umhverfismatsskýrslu*, dags. 3. apríl 2023.
- *Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum*, dags. 2. júní 2023.

### Skilyrði

1. Öll framkvæmdin skal unnin í samræmi við fyrilliggjandi gögn og umsókn leyfishafa og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Vakin er sérstök athygli á að leyfishafa er skylt að óska eftir samþykki leyfisveitanda fyrir breytingum á framkvæmdinni.
2. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og gera Minjastofnun Íslands viðvart.
3. Samkvæmt 33. gr. [laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði](#) eru framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem geta haft áhrif á lífríki þess háðar leyfi Fiskistofu. Skal framkvæmdaleyfishafi senda sveitarfélaginu afrit af útgefnu leyfi áður en framkvæmdir hefjast.



## Múlaþing

- Í samræmi við fyrirliggjandi umsókn verður aðeins einn verktaki með samning um efnistöku á svæðinu og skal leyfishafi framkvæmdaleyfis senda sveitarfélaginu staðfestingu á gildu starfsleyfi áður en framkvæmdir hefjast.

Múlaþing, 8. mars 2024

  
Sigurður Jónsson,  
skipulagsfulltrúi Múlaþings

MÚLAÞING  
SKIPULAGSFULLTRÚI